

Olúdreifing ehf.
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 14. desember 2022
UST202203-071/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á geymi T0059, nr. 690.01.00 - Olúdreifing ehf. Vopnafirði

Umhverfisstofnun barst þann 25. nóvember sl. þykktarmælingar á geymi Olúdreifingar ehf., Vopnafirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0059 og eigendanúmerið 690.01.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila við Hafnarbyggð 4, Vopnafirði. Geymirinn er standandi stálgeymir, byggður árið 1952.

Þykktarmælingar framkvæmdu Andre Sandö og Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., Kópavogi, þann 25. október 2022. Upplýsingar varðandi aðstæður, notkun geyma o.fl. veitti Ari Elísson og Gunnar Kr. Sigmundsson hjá Olúdreifingu ehf. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var sjónskoðun einnig framkvæmd og kverksuða geymis skoðuð sérstaklega vel ásamt öðrum suðum innanvert í geymi.

Fram kemur í skýrslu HD ehf. að geymir sé ómálaður að innan og hefur verið tvöfaldaður að hluta. Geymirinn er í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Nokkur svæði fundust með gólfskannanum, sem farin eru að þynnast að ofan verðu en þó öll yfir viðmiðunarmörkum. Einnig fannst tæring við kverk en var hún yfir viðmiðunarmörkum. Geymirinn er nýmálaður að utan.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri